

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 13 – 15
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2010

Varðar: Frumvarp um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, 60. mál

Samtök iðnaðarins sendu umsögn um málið er það var lagt fyrir á 138. þingi. Engar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu og því standa þær athugasemdir sem gerðar voru í vor. Samtökin ítreka stuðning sinn við ákvæði varðandi fyrirtæki sem nýta fleiri afurðir virkjana en raforku og breyttri skilgreiningu á stórnotendum. Þessi ákvæði skipta máli fyrir nýja tegund af atvinnustarfsemi sem er að hasla sér völl hér á landi, t.d. gagnaver og fyrirtæki sem nýta aðrar afurðir frá jarðorkuveri en rafmagn.

Í fyrri umsögn sinni um málið lýstu samtökin yfir að erfitt væri að átta sig á áhrifum af fyrirhuguðum breytingum á tekjumörkum og gjaldskrár flutningsfyrirtækis og dreifiveitna. Síðan þá hefur málið verið skoðað nánar og greiningar verið unnar. Þær leiða í ljós að skýr ásetningur virðist vera um að hækka verð fyrir flutning og dreifingu á raforku. Sú aðferð sem lögð er til í frumvarpinu leggur útfærslu í hendur ráðherra.

Samtökin gera verulegar athugasemdir við það fyrirkomulag sem hér er lagt til;

- Óásættanlegt er að verðlagning einokunar- og sérleyfisfyrirtækis sé ákveðin í reglugerð. Núverandi lög kveða skýrt á um þetta fyrirkomulag. Eðlilegast er að því fyrirkomulagi sé haldið áfram með breytingum sem laga þá annmarka sem eru á núverandi kerfi. Engir útreikningar hafa verið lagðir fram um áhrifin á verðlagið.
- Í frumvarpinu er lagt til að sérfræðingar meti ýmsa þætti sem lagðir eru til grundvallar og verður iðnaðarráðherra sá aðili sem síðasta orðið hefur í því máli. Vankantar vegins fjármagnskostnaðar eru að það eru of margar breytur sem hafa veruleg áhrif á endanlega ávöxtunarkröfu og þær eru mjög matskenndar og jafnvel huglægar. Löggjafinn þarf að leggja skýrar línur fyrir fyrirtæki í einokunar- eða sérleyfisstarfsemi svo hagsmunaaðilar viti að hverju þeir ganga.
- Samtök iðnaðarins gera jafnframt athugasemd við reiknireglu vegna veltufjármuna flutningsaðila sem er að finna í frumvarpinu. Eðlilegt er að miða við raunverulega stöðu veltufjármuna annarra en reiðufjár við þennan útreikning, en ekki áætlun út frá hlutfalli af tekjumörkum síðastliðins árs, sbr. 2.tl., 3.mgr., 6.gr. frumvarpsins. Þá er að sama skapi eðlilegt að horft sé til nettó mismunar á veltufjármunum og skammtímaskuldum sem ekki bera vexti.
- Mikilvægt er að hafa í huga að of dýrt flutningskerfi þrengir til lengri tíma að verðlagningarmöguleikum orkuframleiðenda og dregur úr arðsemi þeirra. Bent er

á að orkuverð er bundið í samningum við stærstu kaupendur og hækkun á flutningstaxta mun í þeim tilvikum lenda á orkusölum.

- Ekki má gleyma tilgangi einokunar í flutningi en hann er aukin hagræðing sem leiði til lægra verðs. Þannig segir í 6. gr. frumvarpsins „Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins og tryggja að tekjur þess séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita, að teknu tillit til arðsemi.“ Hafa þarf í huga að flutningsfyrirtækið er rekið sem samfélagsleg þjónusta, ekki skattlagning eða með hagnaðarsjónarmið í huga.

Bent hefur verið á ákveðna annmarka á núverandi kerfi svo sem að verðlagsáhrif eru tvíreiknuð og eignagrunnur vegna stóriðju er í ISK en tekjur í USD. Þetta má lagfæra með einföldum úrbótum á núverandi fyrirkomulagi.

Samtök iðnaðarins leggja til að hvað sölu til dreifiveitna varðar verði framvegis stuðst við ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa í stað ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréf líkt og nú er. Í tilfelli stórnotenda verði stuðst við ávöxtunarkröfu óverðtryggðra bandarískra ríkisskuldabréfa með hóflegu álagi, t.d. 1%. Eignagrunnur flutningafyrirtækisins sem snýr að stóriðju verði færður yfir í bandaríkjadali á viðmiðunargengi þess dags er breytingar þessa efnis eru ákveðnar. Mikilvægt er að fastsetja slíka dagssetningu til að koma í veg fyrir að hún sé valin sérstaklega út frá því sem hentar flutningsfyrirtækinu best. Ekki verði um að ræða heimild til verðbóta á eignagrunn í bandaríkjadölum enda er slíkt óþarft þegar notaðir eru óverðtryggðir vextir.

Lagt er til að tekjumarkatímabil verði óbreytt, eða 3 ár. Rökin fyrir lengingu tekjumarkatímabila er að fyrirtækið haldi lengur arði af hagræðingu. Reynslan þau sex ár sem fyrirtækið hefur verið rekið, er að kostnaður á hverja GWh hefur lækkað um 53% að raunverði frá 2005, svo ekki virðist þörf á að auka hagræðingahvata. Auk þess er óásættanlegt að gera þessa breytingu nú þegar ekki hefur farið fram uppgjör á tekjumarkatímabilum fram til þessa.

Afkoma Landsnets fyrir fjármagnsliði hefur verið mjög góð að undanfögnu. EBIT hagnaður félagsins árið 2009 nam 52% af rekstrartekjum. Tekjur á hverja GWh hafa aukist um þriðjung á sama tíma og kostnaður félagsins hefur lækkað um 34% miðað við verðlag hvers árs um sig. Auknar tekjur má að stærstum hluta rekja til stóriðju en flutningur um kerfi Landsnets hefur nær tvöfaldast frá 2005. Því verður ekki séð að nein þörf sé á frekari gjaldskrárhækkunum. Samtökin beina því til iðnaðarnefndar Alþingis að standa vörð um hagsmuni raforkukaupenda og tryggja að lagabreytingarnar stuðli ekki að verðhækkunum heldur tryggi aðhald í rekstri kerfisins. Gæta þarf þess að horfa á þetta mál til framtíðar og láta ekki skammtímasjónarmið ráða.

Samtökin telja sýnt að með því að fara þá leið sem lögð er til í frumvarpinu við ákvörðun vegna tekjumarka, að arðsemi verði sem næst vegnum fjármagnskostnaði, verði mikil völd lögð í hendur ráðherra. Löggjafinn þarf að gefa skýrar línur svo sátt geti skapast um verðskrá fyrirtækja í einokunaraðstöðu.

Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála